

42

8. marz

AUGLÝSING

um útlát blýbenzíns.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 24 1. febrúar 1936, er hér með lagt fyrir alla þá, er láta úti benzín mengað blýi, að auðkenna ílátin með svo látandi greinilegri áletrun:

Aðvörðun samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnar.

+++

Blýbenzín.

Notið ekki benzínið til heimilisparfa og alls ekki til
hörundsrástingar eða sem sáralyf!

Samhljóða aðvörðun skal festa upp á benzínsölustöðum, í aðgerðarstofum bifreiða og annars staðar, þar sem mikið er farið með benzín mengað blýi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. marz 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

43

10. marz

REGLUGERÐ

um skömmtnun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið má enginn selja bifreiðargúmmi (hjólbörða og slöngur), nema skilanevnd bifreiðaeinkasölnunnar í Reykjavík.

2. gr.

Enginn getur fengið keypt bifreiðargúmmi, nema að hann hafi í höndum innkaupaleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á þessu ári meir en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbörðar og 3 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbörðar og 1 slanga.

Skilanevnd bifreiðaeinkasölnunnar getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmi, skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Beiðninni skal

fylgja drengskaparyfirlýsing um það, að leyfisbeiðandi eigi ekki nægilegt nothæft 43
bifreiðagúmmi, og að hjólbarðar þeir og slöngur, sem endurnýjunar er beiðst á, sé 10. marz
ónothæft. Bifreiðaeftirlitsmaður, eða umboðsmaður hans, skal fullvissa sig um það
með skoðun, að rétt sé skýrt frá. Enn fremur skal tekið tillit til fyrri innkaupa bif-
reiðareiganda og fá bifreiðaeftirlitsmenn skýrslu frá skilaneftnd bifreiðaeinkasölu-
unnar um innkaup bifreiðareiganda á síðasta ári.

Bifreiðaeftirlitsmenn skulu neita leyfisbeiðni um ný bifreiðagúmmi á þær bif-
reiðar, sem þeir telja að fyrir aldurs sakir, eða aðrar, séu svo úr sér gengnar, að þær
fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar eru um ástand bifreiða, eða ef ekki eru upp-
fyllt þau skilyrði, sem eftirlitsmaður setur um aðgerð á bifreiðinni.

4. gr.

Í innkaupaleyfi sé tilgreind tegund bifreiðagúmmis, og að fengnu því snýr leyf-
ishafi sér til skilaneftndar bifreiðaeinkasölunnar, eða umboðsmanns hennar, og fær
afhent það bifreiðagúmmi, er leyfið hljóðar um.

Sala bifreiðagúmmisins er þó bundin því skilyrði, að kaupandi skili skilaneftnd-
inni, eða umboðsmanni hennar, hinu ónothæfa gúmmi, er hann fær endurnýjað.

5. gr.

Innkaupaleyfi skal miðað við ákveðið ökutæki, og umdæmisnúmer þess tilgreint
í leyfinu.

Skilaneftnd bifreiðaeinkasölunnar heldur spjaldskrá um öll þau ökutæki, sem
fengið hafa bifreiðagúmmi, og skulu þar skráð öll þau gúmmi sem eigandi ökutæk-
isins fær afhent til þeirra.

6. gr.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins sér um framkvæmd á reglugerð þessari.

7. gr.

Broð gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum
og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi á Ísafirði, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun
árið 1943, skal greiða upp í útsvar þessa árs 50% af útsvarsupphæð þeirri, er hon-
um bar að greiða árið 1942.

2. gr.

Gjald dagar á greiðslum þeim, er um getur í 1. grein þessara reglna, skulu vera
15. marz, 1. apríl og 1. maí næst komandi, að þriðja hluta í hvert skipti.